

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss


Reykjavík 8. mars 2021  
UST202102-464/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Austurbyggð II – Sveitarfélagið Árborg.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Austurbyggð II, íbúðarbyggð, á Selfossi.


Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagi Árborgar 2010 – 2030 er svæðið skilgreint sem íbúðabyggð (N13) og er svæðið um um 20 ha að stærð. Auk þess kemur fram að megináhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti fyrir íbúabyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Einnig verður lagður grunnur að vönduðum frágangi bygginga og uppbyggingar innan svæðisins. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir einbýlishús, par-, rað- og fjölbýlishúsalóðum.

Umhverfisstofnun telur að æskilegt hafði verið að það hefði komið fram í kafla 4, hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr. skipulagsreglugerðar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur